

Fimmtudaginn 4. desember 1997.

Nr. 166/1997. **Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og
Valdimar Tracy**

(Ólafur Axelsson hrl.)

gegn

Magnúsi Þór Hilmarssyni

(Karl Axelsson hrl.)

og gagnsök

Bifreiðar. Skaðabætur. Örorka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1997. Þeir krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, til vara, að kröfur hans verði verulega lækkaðar, og til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Í öllum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 11. júní 1997. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir óskipt til að greiða sér skaða- og miskabætur, að fjárhæð 9.593.860 krónur, með 6% ársvöxtum frá slysdegi 14. júlí 1991 til 1. ágúst sama ár, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október sama ár, 4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,75% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 2% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars sama ár, 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí sama ár, 1% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júní 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Varakrafa gagnáfrýjanda er hin sama og aðalkrafa, nema krafist er 1% ársvaxta á stefnufjárhæð frá 1. maí 1992 til 11. ágúst 1993, 1,25% ársvaxta frá þeim degi til 11. nóvember sama ár, 0,5% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1995, 0,65% ársvaxta frá þeim degi til 6. júní 1996, en dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann greiðslu

vegna útlagðs kostnaðar, 21.109 króna, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 16. júní 1993 til greiðsludags. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Í máli þessu krefst gagnáfrýjandi skaðabóta vegna slyss, sem hann varð fyrir aðfaranótt 14. júlí 1991 sem farþegi í bifreið aðaláfrýjanda Valdimars Tracy, en hún var tryggð ábyrgðartryggingu hjá aðaláfrýjanda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Tryggingafélagið neitar bótaskyldu með vísan til 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem gagnáfrýjandi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að taka þátt í þeim háskaleik með ökumanni bifreiðarinnar, aðaláfrýjanda Valdimar, að aka um vegleysur, utan vega og vegslóða, í ófæru um hánótt í lélegu skyggni. Bendi allt til þess, að bæði gagnáfrýjandi og ökumaðurinn hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar slysið varð.

II.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, héldu gagnáfrýjandi og aðaláfrýjandi Valdimar ásamt fleira fólki í veiðiferð inn á Rangvellinga-afrétt 13. júlí 1991. Var slegið upp tjöldum við ána Hvítmögu skammt frá ármótum hennar og Markarfljóts, þar sem veitt var um daginn. Að sögn þeirra félaga fyrir héraðsdómi var veiðum haldið áfram eftir kvöldmat. Kváðust þeir hafa ætlað að færa sig ofar á svokallað „efra svæði“ Hvítmögu. Til þess að komast þangað þurftu þeir að fara yfir ána á vaði, sem þar var, og aka upp eftir eyrum meðfram bratttri hlíð. Komið var fram yfir miðnætti, skyggni var slæmt, mikil þoka og rigning. Aðaláfrýjandinn Valdimar var ökumaður jeppabifreiðarinnar, en búíð var að hleypa nokkru lofti úr dekkjum hennar. Taldi Valdimar sig hafa ekið eftir vegarslóða, sem verið hafi á eyrunum, og fylgt honum upp brekku, en lent niðri í skorningi, svo að bifreiðin valt. Hann kvaðst ekki hafa séð mikið af brekkunni, aðeins séð hana neðst, en hann hefði fundið, þegar bíllinn fór að fara upp. Gagnáfrýjandi telur einnig, að ekið hafi verið eftir vegarslóða, sem virst hafi beygja upp brekku. Laus sandur sé í öllum brekkum á þessu svæði, svo að smátílhlaup þurfi til að komast upp.

Gagnáfrýjandi kastaðist út úr bifreiðinni og varð undir henni, þegar hún valt í brekkunni. Aðaláfrýjanda Valdimar tókst að grafa

frá bifreiðinni og lyfta henni með tjakki, svo að hann gat náð gagnáfrýjanda undan henni. Gerði hann síðan ferðafélögum þeirra viðvart, en þeir voru sofandi í tjöldum sínum í um 100 m fjarlægð frá slysstað. Sambýliskona gagnáfrýjanda fór á slysstað til að hlúa að honum, en hinir leituðu aðstoðar. Óku tvö þeirra yfir á Fljótshlíðar-afrétt, þar sem nokkrir félagsmenn úr flugbjörgunarsveitinni á Hellu voru í tjaldbúðum með fjölskyldum sínum skammt sunnan Þverárbotna. Komu þau gangandi að búðunum um kl. 4.30 um nóttina, eftir að bifreið þeirra hafði stöðvast vegna erfiðrar færðar. Björgunarsveitarmennirnir brugðu skjótt við og voru komnir á slysstað um hálfri stundu síðar á þremur bifreiðum. Þeir fluttu gagnáfrýjanda og Valdimar til byggða, en lögreglumenn frá Hvals- velli óku til móts við þá og önnuðust um flutning gagnáfrýjanda á Borgarspítalann í Reykjavík.

Engin vitni voru að slysinu, og eru þeir félagar einir til frásagnar um það, sem gerðist. Framburður þeirra hefur frá upphafi verið staðfastur um það, að ökumaðurinn hafi villst af vegarslóðinni og beygt of fljótt upp brekkuna. Lögreglurannsókn vegna slyssins hófst ekki fyrr en 9. ágúst 1991. Það var ekki fyrr en í janúar 1992, að vitni, sem fyrst komu á slysstað, voru yfirheyrð af lögreglu. Staðkunnug vitni hafa borið fyrir héraðsdómi, að það sé á ánni Hvít- mögu, þar sem þeir félagar segjast hafa farið yfir, og vegarslóðar í framhaldi þess. Fram er komið, að aðstæður voru erfiðar, þoka grúfði yfir, og skammt mun hafa séð fram fyrir bifreiðina. Þeir voru ekki í öryggisbeltum, og þeir könnuðu ekki brekkuna, áður en í hana var lagt. Þó sést af myndum af vettvangi, að bifreiðinni hefur verið beygt í umtalsverðan halla. Af þessu er ljóst, að félagarnir hafa ekki sýnt þá varfærni við þessar aðstæður, sem eðlileg hefði verið. Þessi óaðgæsla nægir þó ekki til þess að telja gagnáfrýjanda, sem var farþegi í bifreiðinni, hafa sýnt af sér slíkt gáleysi, að það skerði bótarétt hans eftir reglu 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

III.

Aðaláfrýjandinn Sjóvá-Almennar tryggingar hf. heldur því einnig fram, að ökumaðurinn hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn og gagnáfrýjandi firrt sig bótarétti með því að taka sér far með honum.

Aðaláfrýjandinn Valdimar hefur staðfastlega haldið því fram, að hann hafi ekki drukkið áfengi fyrir slysið, en fengið sér bjór eftir það. Gagnáfrýjandi og sambýliskona hans staðfesta þetta. Gagnáfrýjandi segist hafa fengið sér bjór með kvöldmatnum, en eftir slysið hafi sambýliskona sín gefið sér viskí að drekka. Ágreiningslaust er, að slysið varð um það bil kl. 1.15. Björgunarsveitarmenn voru ekki komnir á slysstað fyrr en um kl. 5.00, eins og áður segir. Það leið því rúmlega þrír og hálfur klukkutími frá slysi og þar til björgunarsveitarmenn komu. Þeir bera, að ökumaður og gagnáfrýjandi hafi verið undir áhrifum áfengis. Lögreglumaður sá, sem flutti þá á heilsugæslustöðina á Hvolsvelli, segir greinilegt hafa verið, að ökumaður og gagnáfrýjandi hafi verið ölvaðir. Þrátt fyrir það voru ekki gerðar hefðbundnar ráðstafanir til að tryggja sönnur fyrir því með töku blóðsýnis. Samkvæmt öllu framansögðu er ósannað, að aðaláfrýjandinn Valdimar hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, þegar slysið varð.

IV.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, eru aðaláfrýjendur bóta-skyldir gagnvart gagnáfrýjanda, en ágreiningslaust er, að varanleg örorka hans vegna slyssins sé 20%. Fallist er á það með héraðsdómi, að við úrlausn málsins beri að hafa hliðsjón af útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 7. janúar 1997, sem gerður var að ósk aðaláfrýjandans Sjóvár-Almennra trygginga hf., og miðast við vinnutekjur gagnáfrýjanda árin 1988, 1989 og 1990. Er höfuðstólsverðmæti tekjutaps vegna varanlegrar örorku talið nema 9.092.600 krónum. Þá er og fallist á það með héraðsdómi, að ósannað sé, að gagnáfrýjandi hafi beðið tjón vegna tímabundinnar örorku. Samkvæmt dómvenju er rétt, að bætur vegna varanlegrar örorku sæti frádrætti vegna hagræðis af eingreiðslu bóta og skattfrelsi þeirra, og þykja þær hæfilegar 6.200.000 krónur. Loks á gagnáfrýjandi einnig rétt á bótum vegna tapaðra lífeyrisréttinda, 545.600 krónur. Miskabætur þykja hæfilega ákveðnar 200.000 krónur.

Samkvæmt framansögðu verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda 6.945.600 krónur með ársvöxtum, eins og greint er í dómsorði, en dráttarvöxtum frá útreikningsdegi örorkutjóns 7. janúar 1997.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir, og er útlagður kostnaður þar innifalinn.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjendur, Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Valdimar Tracy, greiði gagnáfrýjanda, Magnúsi Þór Hilmarssyni, 6.945.600 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 14. júlí 1991 til 7. janúar 1997, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 800.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i Garðars Gíslasonar og Hjartar Torfasonar

Við erum sammála öðrum dómendum um annað en niðurstöður í II. kafla atkvæðis þeirra um gáleysi af hálfu gagnáfrýjanda.

Upplýsingar um atvik að slysi gagnáfrýjanda og aðaláfrýjandans Valdimars Tracy á ferð þeirra aðfaranótt 14. júlí 1991 í bifreið hins síðarnefnda eru óljósar og af skörnum skammti. Er það sumpart fyrir þá sök, að rannsókn þess af hálfu lögreglu var mjög ófullkomin, en hún hófst ekki fyrr en rúmum þremur vikum síðar, og löng hlé urðu á framhaldi hennar. Hins vegar hefur gagnáfrýjandi einnig lagt lítið af mörkum til að skýra slysið. Meðal annars hefur hann ekki leitað stuðnings hjá samferðamönnum þeirra Valdimars í því efni. Aðeins einn þeirra kom til yfirheyrslu hjá lögreglu og þá ekki fyrr en í maí 1993. Við aðalmeðferð málsins fyrir héraðsdómi í janúar 1997 var enginn ferðafélaganna kvaddur til skýrslugjafar nema sambýliskona gagnáfrýjanda, sem lýsti aðeins atvikum eftir slysið. Vera má, að samferðafólkið hefði lítið getað borið um aðdraganda slyssins, en eins og málið liggur fyrir, eru gagnáfrýjandi og Valdimar einir til frásagnar um hann allan.

Í upphaflegum skýrslum sínum til lögreglu í ágúst 1991 gerðu þeir

félagar mjög takmarkaða grein fyrir slysinu og lýstu ekki ástæðum þess, að þeir voru þarna á ferð á þessum tíma sólarhrings. Í skýrslu fyrir lögreglu 11. nóvember sama ár var því einu bætt við af hálfu Valdimars, að þeir hefðu verið „... að skoða væntanlegan veiðistað og kíkja á landið. Það var nú frekar lítið, sem við sáum...“. Í stefnu málsins í héraði var og ekki sérstaklega á því byggt, að ferðalag hans og gagnáfrýjanda hefði verið tengt þeirri veiði, sem stunda átti í fjallaferðinni. Það var ekki fyrr en í framburði fyrir dómi, sem þeir skýrðu svo frá, að þeir hefðu verið að veiðum og ætlað að færa sig upp á efra veiðisvæði við Hvítmögu. Er sá dráttur á skynsamlegri grein fyrir ástæðum ferðarinnar meðal annars áberandi vegna þess, að slysið varð örskammt frá tjöldum þeirra, þótt allläng stund væri, síðan þeir skildu við samferðafólkið. Jafnframt er á það að líta, að samkvæmt skýrslum til lögreglu frá þeim mönnum, sem komu á vettvang eftir slysið, voru ummerki þess með nokkrum ólíkindum, og virtist sumum þeirra sýnt, að ökumaður hefði verið að leika sér. Þessar staðreyndir og önnur gögn málsins benda mjög til, að ferðalagið hafi verið með kæruleysisbrag. Þeir félagar voru einir á ferð á okunnum slóðum í óbyggðum, þar sem færi var misjafnt. Komið var fram á miðja nótt og skyggni nær ekkert vegna þoku. Leiðina, sem ekin var, hafði Valdimar aldrei farið áður, en gagnáfrýjandi kveðst hafa komið upp á efra svæðið síðdegis um daginn. Slóðin, sem þeir kveðast hafa fylgt, lá eftir eyrum ofan árinna og beygði ekki upp á við fyrr en alllangt fram undan, þar sem halli í landinu var annar en á slysstað, en þar var ófær sandbrekka á hægri hönd. Ef við það er miðað, að þeir hafi villst af slóðinni vegna skorningsins, sem í brekkunni var, er það dæmigert um þær hættur, sem við var að etja. Hvorugur þeirra var í öryggisbelti, þótt á því væri brýn nauðsyn við akstur á þessum slóðum. Fyrir liggur, að afleiðingar af veltu bifreiðarinnar hefðu orðið með öðrum hætti, ef beltanna hefði notið við.

Að athuguðu öllu því, sem hér hefur verið rakið, verður að líta svo á, að þeir félagar hafi hagað ökuferð sinni af gáleysi, sem telja megi stórkostlegt, eins og aðstæðum var háttað. Getur gagnáfrýjandi ekki talist seldur undan sök í því efni, þar sem ferðin var að öllu leyti sameiginlegt tiltæki þeirra beggja og hann þurfti í raun að aðstoða við aksturinn, eins og föng voru á. Á það við eftir öllum at-

vikum, að bætur til hans verði lækkaðar á grundvelli heimildar-ákvæðis 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þannig, að hann beri sjálfur $\frac{1}{3}$ hluta af tjóni sínu vegna slyssins.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða okkar, að aðaláfrýjendum beri að greiða gagnáfrýjanda 4.630.400 krónur með vöxtum, eins og um er mælt í atkvæði meiri hluta dómenda, ásamt 400.000 krónum í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 5. febrúar 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 10. janúar sl., er höfðað með stefnu, sem árituð er um viðtöku 14. júní sl.

Stefnandi er Magnús Þór Hilmarsson, kt. 090850-3939, Austurbergi 16, Reykjavík.

Stefndu eru Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík, og Valdimar Tracy, kt. 260564-7149, Súluhólum 2, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt skaða- og miskabætur, að fjárhæð 9.593.860 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Varakrafa stefnanda er hin sama og aðalkrafa, nema hvað krafist er 1% ársvaxta á stefnufjárhæðina frá 1. 5. 1992 til 11. 8. 1993, 1,25% ársvaxta frá þeim degi til 11. 11. 1993, 0,5% ársvaxta frá þeim degi til 1. 6. 1995, 0,65% ársvaxta frá þeim degi til 6. 6. 1996, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í aðalkröfu frá 16. 6. 1994 og síðan árlega þann dag, en í varakröfu frá 6. 6. 1997 og síðan árlega þann dag.

Pá er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda útlagðan kostnað vegna lækniaðstoðar og annars, 21.109 kr., með dráttarvöxtum frá 16. 6. 1993 til greiðsludags og að dæmt verði, að heimilað verði að leggja dráttarvexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 16. 6. 1994, en síðan árlega þann dag.

Pá er krafist málskostnaðar.

Stefndu krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að 13. júlí 1991 héldu stefnandi og stefndi Valdimar ásamt fleira fólki inn á Rangvellingaafreitt í veiðiferð. Skömmu eftir miðnætti 14. júlí voru þeir tveir á ferð í jeppabifreiðinni G-620, sem stefndi Valdimar átti og ók. Óku þeir yfir ána Hvítmögu skammt ofan ármóta

hennar og Markarfljóts og síðan eftir áreyrum meðfram Hvítmögu, allt þar til stefndi Valdimar beygði til hægri eftir vegarslóða, sem hann hugði liggja upp brekku. Þoka og slæmt skyggni var, þegar þetta gerðist, og reyndist enginn slóði vera þarna, heldur rof í jarðveginn eftir vatnsrennsli. Er þeir höfðu farið skamman spöl upp brekkuna, virðist svo sem hægra framhjól bifreiðarinnar hafi affelgast, og valt bifreiðin. Kastaðist stefnandi, sem sat í farþegasæti að framan, út úr bifreiðinni og lenti undir henni. Gat stefndi lyft bifreiðinni þannig, að stefnandi komst undan henni, og síðar var fengin aðstoð björgunarsveitarmanna, er voru í tjöldum ekki langt frá. Var stefnandi fluttur til byggða og á Borgarspítalann í Reykjavík. Kom þar í ljós, að hann var mikið slasaður, einkum á mjaðmagrind, baki og hálsi, auk opins beinbrots á hægri sköflungi.

Eftir slysið var stefnandi til meðferðar hjá læknum næstu þrjú ár og verður nánari grein gerð fyrir heilsufari hans hér á eftir, en aðilar eru sammála um, að hann hafi hlotið 20% varanlega örorku.

Ágreiningur málsaðila snýst um það, hvort stefnandi hafi verið meðvaldur að tjóninu að einhverju leyti eða öllu.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveður málsókn sína á hendur stefndu reista á ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987. Krafa um bætur vegna örorku styðjist við almennar ólögfestar reglur íslensks skaðabótaréttar og krafa um miskabætur við 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefnandi kveðst allsendis hafna röksemdum stefnda Sjóváar-Almennra um, að stefndi sé ekki bótaskyldur. Stefnandi kveður í fyrsta lagi ósannað, að stefndi Valdimar hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar slysið varð. Stefndi hafi neitað þessu, og ekki hafi verið talið tilefni til að gefa út ákæru á hendur honum vegna þessa. Í öðru lagi neitar stefnandi því gersamlega, að sér hafi verið kunnugt um það, er slysið varð, hvort stefndi Valdimar hefði neytt áfengis fyrir slysið. Í þriðja lagi bendir stefnandi á, að hafi stefndi Valdimar drukkið áfengi fyrir slysið, sé ekkert vitað um, hvert magn áfengis hafi verið eða hvort það hafi verið svo mikið, að hann hafi talist ófær um að stjórna bifreið í merkingu umferðarlaga. Slíkt hljóti að vera forsenda þess, að litið sé þannig á atferli stefnda, að það svipti stefnanda rétti til bóta. Þá bendir stefnandi enn fremur á, að bifreiðinni hafi verið ekið á litlum hraða eftir vegarslóða. Um akstur eftir vegarslóðum gildi almennar reglur umferðarlaga, og áhætta samfara akstrinum sé ekki meiri en gengur og gerist við akstur bifreiða, sem oft sé við erfiðar aðstæður. Vegna þessa telur stefnandi órökrétt að vísa til sjónarmiða um ofdirfsku, er leiði til missis bótaréttar.

Að beiðni stefnanda mat Jónas Hallgrímsson lækni hefðbundna læknisfræðilega, varanlega og tímabundna örorku hans af völdum slyssins. Í örorkumatsgerðinni segir, og er þar vitnað til læknisvottorða, að stefnandi hafi hlotið „fjöláverka, og alvarlegastir voru opið þverbrot í gegnum hægri sköflung neðarlega, brot gegnum vinstra lífbein og vinstra setbein með nokkurri tilfærslu, brot gegnum hægra lífbein og sprunga inn í hægri mjaðmarlið, sem var lítið aflöguð, los í spjaldlið vinstra megin og síðan mikil blæðing í mjóbak og upp eftir hrygg innan mjúkvæfja“. Í niðurstöðum matsgerðarinnar segir, að varanlegar afleiðingar slyssins, sem muni hindra stefnanda í störfum og valda honum þjáningum, séu stirðleiki í hálsi eftir brjós-klos og spengingu, álagsverkir í mjóbaki, sem sennilega eru afleiðingar blæðingar þar, auk skertra hreyfinga í mjöðmum og sérstaklega í vinstri mjaðmarlið og skertrar hreyfingar í hægri ökkalið. Nokkur vöðvarýrnun sé á hægri kálfa og lítils háttar stytting, 1 cm, á hægri fótlegg. Læknirinn hafi metið læknisfræðilega örorku stefnanda vegna slyssins 100% í 250 daga og varanlega læknisfræðilega örorku hans 5% vegna hreyfiskerðingar og óþæginda í hálsi, 5% vegna hreyfiskerðingar og óþæginda í mjóbaki og mjöðmum og að lokum 10% vegna vöðvarýrnunar og styttingar á hægri fótlegg og hreyfiskerðingar í hægri ökkalið, samtals 20%.

Þessu næst hafi Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur reiknað út tjón stefnanda miðað við framangreinda örorku. Hafi tjónsútreikningurinn miðast við launatekjur stefnanda árin 1988 og 1990. Skýringin á því, að ekki sé miðað við launatekjur ársins 1989, sé sú, að launatekjur þess árs séu ekki marktækar vegna gjaldþrots vinnuveitanda stefnanda. Útreikningurinn hafi miðast við 4,5% vexti og vaxtavexti af afvöxtun tjónsins á útreikningsdaginn í samræmi við dómafordæmi.

Dómkröfur stefnanda sundurliðast þannig:

1	Tímabundin örorka	kr.	578.500
2	Varanleg örorka	–	9.552.700
	frádráttur vegna skattthagræðis, eingreiðsluhagræðis o. fl. (20%)	–	1.910.540
	Samtals	kr.	7.642.160
3	Töpuð lífeyrisréttindi	–	573.200
4	Miskabætur	–	800.000
	Samtals	kr.	9.593.860

Stefnandi kveður kröfu um tímabundna örorku annars vegar miðast við forsendur matsins um 100% örorku í alls 250 daga eftir slysið, en hins vegar við það, að stefnandi hafi fengið á þessum tíma greidd laun, slysadagpen-

inga og framlög úr sjúkrasjóði Félags járníðnaðarmanna, sem takmarkað hafi raunverulegt launatap hans.

Krafa stefnanda vegna varanlegrar örorku sé studd hefðbundnum gögn-um, læknisvottorðum, örorkumati læknis, útreikningi tryggingafræðings og fleira. Þetta séu ótvíræð sönnunargögn, sem ágreiningslaust hafi verið lögð til grundvallar uppgjöri skaðabóta vegna líkamstjóns allt til 1. júlí 1993, þegar skaðabótalög nr. 50/1993 hafi tekið gildi. Frádráttur vegna eingreiðslu og skatthagræðis sé í samræmi við dómafordæmi.

Krafa um bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda miðist við 6% af höfuð-stólsverðmæti taps vegna varanlegrar örorku, og sé margdæmt um réttmæti slíkrar kröfugerðar.

Krafan um 800.000 krónur í miskabætur miðist við bætur fyrir óþægindi og þjáningar. Eins og gögn málsins beri með sér, hafi stefnandi mátt pola ítrekaðar innlagnir á sjúkrahús vegna aðgerða. Um verki og eymsli, sem stefnandi hafi hlotið, megi vísa til gagna málsins. Þá sé ljóst, að hin varanlegu meiðsli muni há stefnanda verulega við allar athafnir daglegs lífs og setja ýmsum tómtundaáhugamálum verulegar skorður, ekki síst þeim, er lúta að rækt líkamans, útivist og slíku.

Stefndu telja með vísan til 88. gr. umferðarlaga, að stefnandi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi, þegar hann tók þátt í þeim háskaleik með öikumanni bifreiðarinnar G-620, stefnda Valdimar, að aka um vegleysur, utan vega og vegarslóða, í algjörrri ófæru um hánótt í lélegu skyggni. Telja stefndu, að hér hafi verið um hreinan leikaraskap að ræða. Þá bendi allt til þess, að bæði stefndi Valdimar og stefnandi hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar slysið varð, og benda stefndu á framburð hjálparmanna í lögregluskýrslum þessu til stuðnings. Bæði þessi atriði eða hvort um sig séu nægjanleg til, að því sé haldið fram, að stefnandi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi, þegar slysið varð, og einnig, að slík áhætta hjá stefnanda, sem lýst hafi verið, leiði til sýknu.

Stefndu mótmæla tímabundinni örorku stefnanda sem ósannaðri, en engin gögn hafi verið lögð fram, er sýni raunverulegt tjón í þeim efnum. Þá er sérstaklega mótmælt tekjugrundvelli örorkutjónsútreiknings, þar sem aðeins sé miðað við tekjuárin 1988 og 1990. Með vísan til laga nr. 33/1995 um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrots verði ekki séð, að gjaldþrot vinnuveitanda réttlæti þá útreikningsaðferð, sem viðhöfð sé í kröfugerð stefnanda.

Miskabótakröfu og kröfu um greiðslu vegna tapaðra lífeyrisréttinda er mótmælt sem of háum, en frádráttur vegna skattfrelsis og eingreiðsluhagræðis eigi að vera að minnsta kosti 35%.

Þá er þess krafist, að upphafstími dráttarvaxta verði miðaður við dóms-upsögu.

Niðurstæða.

Stefndu reisa sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með þátttöku í háskaakstri stefnda Valdimars, eins og lýst var. Við aðalmeðferð var sýnt myndband, er sýndi aðstæður á slysstað, og einnig báru staðkunnugir menn vitni. Þá var leitt í ljós, að stefndi ók bifreiðinni yfir þekkt vað á ánni Hvítmögu og að vegarslóðar eru eftir áreyrunum, sem hann ók eftir. Hann ók hins vegar ekki eftir þeim vegi, sem merktur er á landakort af þessum slóðum. Aðilum og vitnum bar saman um, að nóttina, sem slysið varð, hefði verið þoka og slæmt skyggni. Af framburði aðila og vitna og athugun mynda verður sú ályktun dregin, að stefndi hafi beygt of snemma upp brekkuna og villst á dragi eftir leysingavatn og veginum. Verður engan veginn fallist á það með stefndu, að hér hafi verið um háskaakstur að ræða, heldur hafi slysið orðið vegna villu stefnda og slæms skyggnis. Þessari málsástæðu stefndu er því hafnað.

Í öðru lagi halda stefndu því fram, að stefndi Valdimar hafi verið undir áhrifum áfengis og stefnandi firrt sig bótarétti með því að taka sér far með honum. Stefndi hefur frá upphafi neitað að hafa neytt áfengis fyrir aksturinn, bæði við lögreglurannsókn og eins fyrir dómi, en kannast við að hafa neytt lítilræðis af því eftir slysið. Stefnandi kvaðst við lögreglurannsókn hafa drukkið tvo til þrjá bjóra fyrir slysið, en sér verið gefið áfengi eftir það til að lina þjáningar sínar. Vitni, sem borið hafa um áfengisáhrif á stefnanda og stefnda Valdimar, sáu þá ekki fyrr en nokkrum klukkustundum eftir slysið. Þá hirti lögreglan í Rangárvallasýslu hvorki um að taka af þeim blóð- né þvagsýni, þótt hún hefði flutt þá til byggða, og lögreglumaðurinn, sem það gerði, talið stefnda greinilega ölvaðan. Fyrir dómi bar lögreglumaðurinn, að það hefði verið ákvörðun yfirmanna sinna að taka stefnda hvorki blóð- né þvagsýni.

Eins og nú hefur verið rakið, er gegn neitun stefnda ósannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, þegar slysið varð, og er þessari málsástæðu stefndu því einnig hafnað.

Samkvæmt framansögðu eru stefndu bótaskyldir gagnvart stefnanda á grundvelli 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og er hann á engan hátt meðvaldur að tjóni sínu.

Eins og að framan var rakið, var tímabundin örorka stefnanda metin 100% í 250 daga. Hefur því mati ekki verið hnekkkt, og verður það lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Ágreiningslaust er, að varanleg örorka stefnanda er 20%.

Á grundvelli örorkumatsins lét stefnandi reikna út tjón sitt og miðaði við tekjur sínar árin 1988 og 1990. Dómkrafa hans er miðuð við þennan útreikning, sem er sem hér segir:

		Tekjur		Umreiknaðar tekjur	
Árið		kr.		kr.	
1988		2.087.950		3.205.000	
–	1989	1.382.622	–	1.857.300	
–	1990	2.076.787	–	2.612.900	
Meðaltal 1988 og 1990				2.908.900	

Á þeim forsendum, að miðað sé við tekjur áranna 1988 og 1990 og að tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, fæst eftirfarandi áætlun:

		Áætlaðar tekjur		Tekjutap	
Árið		kr.		kr.	
1991 frá slysdegi		1.159.400		1.159.400	
–	1992	2.544.300	–	978.200	
–	1993	2.642.800	–	528.600	
–	1994	2.728.300	–	545.700	
Síðan árlega		2.908.900	–	581.800	

Höfuðstólsverðmæti tekjutaps reiknast á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	1.712.200
Vegna varanlegrar örorku		9.552.700
Samtals	kr.	11.264.900

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins er áætlað 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku, 573.200 kr.

Stefndu hafa látið sama tryggingafræðing og stefnandi reikna út tjón hans miðað við tekjur hans árin 1988, 1989 og 1990, en að öðru leyti eru forsendur óbreyttar. Er útkoman sem hér segir:

		Tekjur		Umreiknaðar tekjur	
Árið		kr.		kr.	
1988		2.087.950		3.427.200	
–	1989	1.382.622	–	1.986.000	
–	1990	2.076.787	–	2.794.000	
Meðaltal				2.735.700	

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tap vegna

slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, fæst eftirfarandi áætlun:

		Áætlaðar tekjur		Tekjutap	
Árið	1991 frá slysdegi	kr.	1.019.700	kr.	1.019.700
–	1992	–	2.237.700	–	860.300
–	1993	–	2.324.300	–	464.900
–	1994	–	2.399.500	–	479.900
–	1995	–	2.510.200	–	502.000
Síðan árlega		–	2.735.700	–	547.100

Höfuðstólsverðmæti tekjutaps reiknast á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	1.505.900
Vegna varanlegrar örorku	–	9.092.600
Samtals	kr.	10.598.500

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins er áætlað 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku, 545.600 kr.

Stefndu hafa mótmælt því, að stefnanda beri bætur fyrir tímabundna örorku, þar eð raunverulegt tjón hans vegna hennar sé ósannað. Samkvæmt skattframtölum stefnanda voru tekjur hans árið 1991, þ. e. árið, sem hann slasaðist, 2.424.186 kr. auk slysadagpeninga og greiðslna úr sjúkrasjóði Félags járníðnaðarmanna, 172.537 kr. Árið 1992 eru tekjur hans 1.899.605 kr., og eru þá ekki taldar fram greiðslur úr nefndum sjóðum. Þegar þessar tölur eru virtar með hliðsjón af tekjum stefnanda fyrir slys, verður að fallast á það með stefndu, að ósannað sé, að stefnandi hafi beðið tjón vegna tímabundinnar örorku, og verða honum því ekki dæmdar bætur vegna hennar.

Stefnandi er vélvirki að mennt. Hann lauk námi 1984 og hefur síðan unnið við iðn sína, frá 1990 hjá Fóðurlöndunni hf. við viðgerðir og viðhald á vélum. Starf hans er þess eðlis, að verulegar líkur eru til, að hin varanlega örorka muni há honum við tekjuöflun framvegis. Verður því fallist á kröfur hans um bætur fyrir hana, og við ákvörðun þeirra verður hafður til hliðsjónar útreikningur tryggingafræðingsins, sem tekur mið af tekjum stefnanda síðustu þrjú ár fyrir slys, svo sem venja er til. Sami háttur verður á hafður við ákvörðun bóta fyrir töpuð lífeyrisréttindi. Að teknu tilliti til skattfrelsis bótanna og eingreiðsluhagræðis þykir þessi fjárhæð hæfilega ákveðin 5.700.000 kr. Stefnandi hefur kafið stefndu um greiðslu á útlögðum kostnaði, 21.109 kr., og hefur sú krafa ekki sætt andmælum. Verður hún tekin til greina. Miskabætur teljast hæfilegar 300.000 kr., og verða stefndu því dæmdir til að greiða stefnanda samtals 6.021.109 kr.

Hér að framan var komist að því, að stefnandi hefði ekki verið meðvaldur að slysinu. Þrátt fyrir það verður að telja, þegar litið er til allra mála-vaxta, slíkan vafa hafa verið um bótaskyldu stefndu, að þeim verður ekki gert að greiða dráttarvexti af bótafjárhæðinni fyrr en frá dómsuppsögudegi, en frá 14. júlí 1991 til þess dags skal hún bera vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, eins og nánar greinir í dómsorði.

Þá verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda 750.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Valdimar Tracy og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Magnúsi Þór Hilmarssyni, 6.021.109 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 6.000.000 kr. frá 14. júlí 1991 til 16. júní 1993, en af 6.021.109 kr. frá þeim degi til dómsuppsögudags, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 750.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Höfuðstólsfæra skal vexti á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 16. júní 1994.
